

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 7-2014

Tími: Föstudagur 12. desember 2014, kl. 10:00, Fundarsalur Akur, Hvanneyri.

Mætt: Björn Þorsteinsson rektor formaður, Helena Guttormsdóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir (í fjarfundi), Hilmar Janusson, Bjarni Stefánsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Sigríður Embla Heiðmarsdóttir, Áslaug Helgadóttir, aðstoðarrektor, ritaði fundargerð.

1. Framhald umsóknarferils nýs rektors

ÁH stýrði fundi undir þessum lið þar sem BÞ er einn umsækjenda og vék því af fundi undir þessum lið.

Alls bárust sjö umsóknir um stöðu rektors fyrir tilskilinn umsóknarfrest. SH harmaði að ekki hefði tekist að framlengja umsóknarfrest í tæka tíð og tóku aðrir fulltrúar undir það sjónarmið.

Ákveðið að vísa umsóknum til valnefndar til afgreiðslu. Óskað er eftir því að valnefnd taki afstöðu til þess hvernig til hafi tekist við auglýsingu og kynningu á starfinu.

2. Afstaða til túlkunar reglna um fulltrúa í háskólaráði.

Fyrir liggur að Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir muni hverfa úr ráðinu um áramót. Það er nauðsynlegt að ljóst sé hver komi inn í ráðið í hennar stað. Reglur um þetta eru nokkuð óljósar í ljósi bráðabirgðaákvæðis í nýjum reglum um háskólaráðið og því hefur verið óskað eftir leiðsögn lögfræðings MMR til úrlausnar í málinu.

Ákveðið að bíða eftir álit lögfræðings áður en ákvörðun er tekin um hver mun taka sæti HLP í ráðinu frá og með áramótum.

3. Fjármál – staða fjárhags – fjárlög og fjáraukalög - Grímshagi

Lagt var fram yfirlit um framlag til skólans á fjáraukalögum 2014 og fjárlögum 2015.

Háskólaráðið fagnar auknum fjármunum sem veitt hefur verið til háskólans og jákvæðri umræðu um hlutverk og starfsemi hans.

Kristín Theodóra Ragnarsdóttir, fjármálastjóri, gerði grein fyrir stöðu fjármála 2014. Tekjur og gjöld hafa haldist nokkuð í hendur. Tekist hefur að halda gjöldum vel innan áætlunar. Árið hefur markast af miklum niðurskurði og fækkun starfsmanna. Þess vegna hafa fallið til aukagreiðslur vegna uppgjors þeirra sem hætt hafa. Það blasir við að launaáætlun mun ekki standast. Það stefnir því í halla á rekstri ársins.

Við áætlunargerð næsta árs leggur BS áherslu á að litið sé til allra möguleika á að nýta fasteignir mun betur en verið hefur. Leggja þarf áherslu á að velja starfsemi sem er skyld því sem verið er að sinna í skólanum eftir því sem kostur er.

Ný stjórn tók til starfa hjá Grímshaga ohf. Formaður stjórnar er Þóroddur Sveinsson, starfsmaður skólans. Fjárhagsstaða félagsins hefur verið til skoðunar hjá nýrri stjórn og mun hún leggja skýrslu fyrir rektor innan tíðar. Við frekari ákvarðanir þarf að fara fram stefnumótun um þörf skólans fyrir búrekstur í kennslu og rannsóknum og taka þarf ákvörðun um hversu mikið skólinn er reiðubúinn að greiða fyrir nýtingu á þessari aðstöðu.

4. Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins um háskóla- og vísindastarfsemi – SVÓT greining akademískra starfsmanna LbhÍ

BP skýrði frá því að MMR hefur ákveðið að fara í stefnumótunarvinnu um háskóla- og vísindastarf í landinu. Hefur ráðuneytið kallað eftir með bréfi SVÓT greiningu frá öllum háskólunum. Verið er að ganga frá niðurstöðum úr slíkri greiningu sem unnin hefur verið af akademískum starfsmönnum skólans. Drög að greiningunni var lögð fram til kynningar en endanleg útgáfa verður send ráðuneytinu 15. desember.

BS leggur til að hagsmunaaðilar skólans verði hvattir til þess að fara einnig í SVÓT greiningu fyrir skólann sem gæti nýst við fyrirhugaða stefnumótunarvinnu sem farið verður í þegar ráðning nýs rektors hefur gengið í gegn.

5. Starfsmannamál

Enn er verið að glíma við eftirköst af niðurlagningu starfa. Athugasemdir stéttarfélaga hafa komið vegna tveggja starfsmanna. Stefnt er að því að auglýsa tvær stöður á nýju ári, annars vegar í umhverfisskipulagi í umhverfisdeild og hins vegar á sviði líffræði búfjár í auðlindadeild. Ráðinn hefur verið tímabundið nýr rekstrarstjóri fasteigna sem mun hafa aðstöðu á Hvanneyri. Alls bárust sex umsóknir um stöðu námsráðgjafa og verða umsækjendur kallaðir til viðtals í næstu viku.

HG leggur áherslu á að stoðsviðið er að verða mjög undirmannað og komið að algjörum þolmörkum. SEH nefnir einnig að nemendur skynja að staða á kennslusviði er orðin erfið.

6. Önnur mál

BS hefur lagt fram fyrirspurn um hugsanlega útleigu á rannsóknahúsi skólans á Hvanneyri til nýstofnaðs fyrirtækis, sem mun sinna efnagreiningum. Rektor greindi frá því að Ríkisendurskoðun hefur ályktað að það sé óæskilegt að blanda saman starfsemi annars vegar á vegum skólans og hins vegar á vegum einkaaðila og þyrfti til þess sérstaka heimild ráðuneytisins. Rektor hefur leitað eftir heimild Bændasamtaka Íslands um að skólinn geti framléigt til einkarekinnar efnagreiningarstofu húsnaði sem hann leigir hjá BÍ í gömlu Nautastöðinni.

BS bendir á að skipa þurfi varamann fyrir hann og HJ. Rektor mun undirbúa tillögu um það á næsta fundi.

Háskólaráðið þakkar Halldóru Lóu fyrir setu hennar í ráðinu og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Skipunartími núverandi rektors rennur út nú um áramótin. Háskólaráðið fer fram á það við menntamálaráðherra að skipun hans verði framlengd þar til nýr rektor hefur verið ráðinn til starfa. Jafnframt er ákveðið að Sigríður Hallgrímsdóttir verði tengiliður ráðsins við formann valnefndar vegna samskipta um ráðningu rektors.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:20.